

Reykjavík, 21. febrúar 2020

Til: Reykjavíkurborgar

Frá: Knattspyrnufélaginu Val

Efni: Umsókn um styrk, framkvæmdaáætlun 2020

# Umsókn um styrk

## Framkvæmdaáætlun 2020

Knattspyrnufélagið Valur óskar eftir styrkveitingu frá Reykjavíkurborg í tengslum við framkvæmdir og viðhald fyrir árið 2020.

Hér að neðan er samantekt til að upplýsa um þær framkvæmdir sem knattspyrnufélagið Valur þarf að framkvæma og ráðast í á næstunni til að viðhalda mannvirkjum og búnaði með ábyrgum hætti svo lágmarks viðhaldi sé sinnt og öryggi gesta tryggt.

Verkefnin sem eru listuð upp hafa verið gróflega kostnaðarmetin og í kjölfarið var búin til áætlun út frá mikilvægi og þörfum. Verkefnum er forgangsraðað með númerum eftir mikilvægi. Einstaka verkliðir, gætu þó eitthvað færst til.

Yfirlit og mat á kostnaði má sjá hér að neðan. Framkvæmdir yrðu gerðar fyrir eigið fé félagsins.

Þessari áætlun mun fylgja nánari greinagerð og stöðuskýrsla sé þess óskað til að gera betur grein fyrir þeim framkvæmdum sem er lokið og hver staðan er á einstökum verkefnum.

### Kostnaðaráætlun vegna viðhaldsvinnu og endurnýjunar hjá Knattspyrnufélaginu Val 2020

Verkþættir	Forgangur	Upphæð	1	2	3
Snjógrindur og endurnýjun á þakrennum:	1	800.000	800.000		
Brunavarnir uppfærsla og endurnýjun:	1	825.000	825.000		
Múrviðgerðir vegna leka	1	2.500.000	2.500.000		
Malbikunarviðgerðir	1	2.000.000	2.000.000		
Loftræsting; viðhald – hreinsun - áhlaup 2	2	1.350.000		1.350.000	
Málningarvinna	3	300.000			300.000
Búningsklefar	1	3.500.000	3.500.000		
Ný mörk í íþóttasal	2	700.000		700.000	
Tjöld í stóra sal	2	5.000.000		5.000.000	
Skipta yfir í Led lýsingu í stóra íþróttasal	3	9.000.000			9.000.000
Hljóðkerfi í stóra salinn og stúkuna úti	3	15.000.000	10.000.000		5.000.000
Lýftur	3	5.000.000			5.000.000
Útilýsing	2	450.000		450.000	
Endurnýjun tækja í líkamsrækt	1	150.000	150.000		
	<b>ALLS</b>	<b>46.575.000</b>	<b>19.775.000</b>	<b>7.500.000</b>	<b>19.300.000</b>

Tengiliður við félagið skv. umsókninni er Theódór Hjalti Valsson (teddi@valur.is) yfirmaður mannvirkja Vals, en Sigurður Kristinn Pálsson (diddi@valur.is) er framkvæmdastjóri Vals.

# Sundurliðun á verkþáttum

## **Snjógrindur og endurnýjun á þakrennum**

Setja þarf upp snjógrindur á eldra íþróttahús og tengibyggingu og lagfæra snjógrindur á nýja íþróttahúsinu.

Snjógrindur á nýja þakinu er komnar fram á brún þaksins og gætu hæglega farið alveg fram af ef ekkert verður að gert fljótlega.

Á gamla íþróttahúsinu og tengibyggingunni hafa hinsvegar aldrei verið snjógrindur og eru rennur því orðnar skakkar og lausar eftir að snjórinn dregur þær með sér niður, því þarf einnig að laga rennurnar þar.

Mikið öryggisatriði er að hafa snjógrindur til að varnar því að snjór renni fram af þökunum með tilheyrandi hættu fyrir þá sem gætu orðið undir, auk þess sem skemmdirnar á rennunum hafa orðið til þess að vatn lekur niður veggj og lendir á gluggum líkamsræktarinnar fyrir neðan. Það hefur orðið til þess að rakaskemdir hafa myndast. Rakaskemdirnar eru hluti af athugasemdum heilbrigðisyfirvalda síðastliðið sumar og við þeim þarf að bregðast.

Efnisverð fyrir snjógrindur er áætlað að vera um 1500 kr á meterinn.

Heildarverð með lagfæringum á rennum og leigu á vinnulyftu gæti því orðið um 7-800 þ.

## **Brunavarnir uppfærsla og endurnýjun**

Áframhaldandi yfirferð og viðgerðir á út- og neyðarlýsingu, með tilheyrandi endurnýjun, þetta er öryggisbúnaður sem þarf að vera í stanslausri endurnýjun. Auk þess þarf að setja upp fleiri hurðasegla svo hurðar haldist opnar til að auðvelda aðgengi á viðburðum, án þess að festa þær með fleygum eða annari fyrirstöðu, með tilheyrandi skerðinu á brunahólfun við bruna.

Í árslok 2019 var gert stóráttak í viðhaldi á út- og neyðarljósum, það var Rafgæði sem annaðst þetta mál fyrir félagið en þeir eru með þjónustusamning við Val sem rafverktakar. Kostnaður við það var um 1,1 milljón það er viðbúið að kostnaður í ár verði um 75% af því sem hann var þá, með því að bæta við hluta af þessum hurðaseglum sem vantar.

## **Múrviðgerðir vegna leka**

Tengibygging íþróttahúsins er farin að láta á sjá vegna sprungumyndana/skemmda á múr að utan, einnig eru farnar að myndast rakasprungur á veggjum inni sem væntanlega má rekja til sprungumyndana, leka frá gluggum eða í gegnum steypuskil. Að auki eru vatnsbretti víða illa farin undir gluggun sem og kítta farið rofna eftir rýrnun og einnig eru ýmsar aðrar múrviðgerðir nauðsynlegar sbr., kíttun á sturtuklefum, auk þess sem steypur biti á tengibyggingu virðist vera að „rofna“ frá íþróttahúsi, nokkuð sem verður að athuga.

Félagið hefur rætt við múrara hjá Orkumúr sem sérhæfir sig í m.a. viðgerðum á sprungum með inndælingu á „þanefnum“ og öðrum múrviðgerðum.

Kostnaðarliðir, efni og vinna + pallur = 2.000.000- 2.500.00kr

Verkþættir:

Sprungur á húsi við inngang /viðgerð eftir inndælingu

Inndælingar á sprungum og gluggum

Gluggabretti 20 m

Lagfæring á bita utandyra á 2. hæð/ tilfærsla á vegg

Stór gluggi við inngang hreinsun á kítta + endurkítta að utan

Lagfæring á sturtuklefum fyrir aftan sjoppur – með því að endurnýja kítta.

### **Malbiksviðgerðir**

Holuviðgerðir sem nauðsynlega þurfa að fara fram á plani fyrir framan íþróttahúsin/tengibygginguna þangað til hægt að verður að fara í endanlegar framkvæmdir á lóð þegar byggingarframkvæmdum líkur við Hlíðarenda.

Gert var við holur fyrir ca.500 þ í fyrra, þær viðgerðir hafa ekki farið vel í umhleyplingum í vetur auk þessar sem nýjar og stærri holur hafa myndast. Nauðsynlegt er að fara í aðeins umfangsmeiri aðgerðir en í fyrra með því að saga malbik í beinar línur áður til fá skarpari skil, þannig er hægt að fá betri viðloðun og endingu í viðgerðirnar.

Áætlaður kostnaður 1.500 -2.000 þ

### **Loftræsting; viðhald – hreinsun - áhlaup 2**

Það þarf að halda áfram með átaksverkefni í viðhaldi á loftræstikerfum að Hlíðarenda, sökum þess að því hefur ekki verið viðhaldið neitt í of mörg ár.

Árið 2019 var hafist handa þegar K2-loftstokkahreinsun var fengin til að hreinsa fyrsta kerfið af fjórum stórum kerfum sem eru að Hlíðarenda. Það kom í ljós að kerfin hafa ekkert verið hreinsuð frá opnun hússins 2007. Lagnir voru orðnar skítugar og dró það úr afköstum og virkni kerfanna.

Að Hlíðarenda eru samtals sex samstæður fjórar stórar og tvær minni auk átta útsogsblásara sem hafa misstór kerfi á bak við sig.

Auk þess sem hefur verið gert í hreinsun var samið við Rafþekkingu um að sjá um reglulegt viðhald þessara kerfa, viðhald sem ekki var í föstum skorðum áður.

Rafþjónustan er að hefja yfirferð á stóru kerfunum sem þurfa á upplýftingu að halda með legu skiptum, smurningu og almennu árlegu eftirliti, öll minni kerfin þurfa líka talsverða uppfærslu og skoðun.

Stefnt er að taka næsta áfanga af loftstokkahreinsun með vorinu, sem er kerfið fyrir búningsklefa 9-12, gamla íþróttahúsið/veislusalina. Miðað við reikninga sem komu 2019 má áætla að þessi áfangi kosti um 600 þ.

Árlegur samningur við Rafþjónustuna hljóðar uppá ca. 150þ. Innifalið í því er yfirferð á virkni allra kerfa, smurning og prófun á hitastýringum/stjórnbúnaði.

Rafþjónustan hefur þegar lokið við að endurnýja mótara fyrir gömlu kerfin þar sem þeir voru alltaf að slá út og náðu ekki lengur að sinna hlutverki sínu. Það var kostnaður upp ca. 600þ en ekki hefur borist reikingur vegna þessa verks.

Kostnaður við loftæstikerfin í ár mun því verða um 150 + 600 + 600 eða um 1.350 þ á árinu 2020.

## Málingarvinna

Kominn er tími á yfirmálun á mörgum stöðum í mannvirkinu. Daglega eru margir sem sækja Hlíðarenda heim og veggfletir því undir miklu álagi, margir staðir þurfa því örari yfirmálun en almennt gerist, auk þess sem staðir eins kjallarinn hafa ekki verið málaðir mjög lengi. Ennfremur þarf að huga að viðhaldsmálun utanhúss en það er/verður mjög stórt verkefni með tilheyrandi steypuviðgerðum og raun mun stærra verkefni en það sem var gert ráð fyrir í þessari áætlun.

Í dag hefur aðeins verið farið í hluta af því sem þarf að fara í eins og málun á slitflötum í íþróttasal, klefagangi og búningsklefum. Samkomusalir þurfa líka yfirmálun.

Kjallarinn hefur svo að mestu verið endurmálaður.

Verkefnið er í vinnslu, má búast við að nota okkar mannskap og aðkeypt efni, ca.300þ.

## Búningsklefar

Kominn er tími á að endurnýja sturtur, bæði sjálf blöndunartækin og einnig sturtutækin, þetta þarf að gera í þrepum og verða fyrstu klefar 5-6, og síðan 3-4 og svo 7-8 eftir það. Hreinsa þarf blöndunartæki, setja upp tímarofa og seguloka til að spara vatn. Einnig þarf að laga brotnar flísar, endurfúa sturtuklefa og heita potta. Auk þess að mála í sturtuklefum ofan við flísar. Þetta var gert við eitt þar í fyrra og þyrfti að ná næsta klefapari í ár.

Stefnt er á að setja upp munaskápa fyrir leikmenn meistaraflokka inni í þessum klefum (3-8).

Verið er að vinna í tilboðum á munaskápum, tilboð sem eru komin hljóða fra 1.5 m.kr og að rúmum 2 m.kr án vsk, þá er um að ræða læsta skápa sem eru ca. um 60x50 cm á hæð og breidd og 40 cm á dýpt. Það felur í sér efni og smíði á skápum án uppsetningar. Fjöldi skápanna er 20+27 stk í þessa fyrstu klefa.

Heildarkostnaður við skápa og uppsetningu er 2.5 m. kr með vsk með því að velja ódýrustu skápana og nota að hluta til okkar fólk ásamt sjálboðaliðum við að setja þá upp.

Aðrar viðgerðir á næsta klefapari sbr.flísar og blönduratæki gæti svo orðið um 1 m.kr

## Ný mörk í íþóttasal

Þörf er á nýjum mörkum í salinn, bæði mörk sem eru notuð á þvervellina, þar sem núverandi mörk eru orðin frekar slitin og fjögur brotin af sex. Einnig er mikil þörf á mörkun sem hægt er að nota við þjálfun allra yngstu aldurshópanna svokölluð minimörk.

Félagið hefur fengið tilboð í mörk en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hversu mörg mörk verða keypt, hugsanlega verður reynt að lappa uppá núverandi mörk með því þrifa, mála, rafsjóða brotnar stangir og endurnýja net. Væntanlega verða síðan keypt amk 2 mörk og 8 mini mörk í tveimur áföngum.

Tvö ný stærri mörk með netum kosta um 300þ

Minimörkin gætu kostað um 400þ fyrir 4 stk

## Tjöld í stóra sal

Tjöldin sem skipta stóra salnum í minni einingar eru orðin mjög léleg og þarfnast endurnýjunar. Bönd sem lyfta tjöldunum eru orðin mjög trosnuð og veldur það því að tjöldin krumpast þegar þeim er lyft og þau ná ekki fullri hæð. Hjólin sem vinda böndin upp þegar tjaldinu er lyft eða slakað skemmd og því fara böndin útaf hjólunum og trosna.

Eins er annað tjaldið fyrir aftan mark þegar spilað er 2/3 hluta vallarins mjög slitið á saumunum og götótt (þannig spila allir yngri flokkar og mfl. æfa).

Nýtt tjald kostar um 5 m. kr með vinnu við uppsetningu. Það er í skoðun hvort það sé hægt að endurnýja aðeins neðri hlutann og böndin.

Endurnýjun á báðum tjöldum kostar því um 10 m.kr, nokkuð sem félagið hefur ekki bolmagn í að svo stöddu og því er leitað hagstæðari lausna eins og hvort hægt sé að endunýja hluta hvors tjalds og hafa þau þá soðin saman á samskeytum ekki saumuð. Auk þess er í skoðun að endurnýja bönd og hluta af hjólum.

Kostnaður yrði samt ekki undir 4 m.kr með lyftum og því að fá til landsins sérstaka saumavél og mann á hana.

### **Skipta yfir í Led lýsingu í stóra íþróttasal**

Lampar í salnum eru farnir bila auk þess sem perur eru víða farnar. Félagið vill því athuga kostnað við það að endurnýja lampana yfir í led því það myndi skila sér til baka í rafmagnssparnaði yfir tíma.

Auk þess sem það sparast vinnustundir með því losna við peruskiptin í framtíðinni.

Mestur er þó ávinningurinn umhverfislega af rafmagnssparnaðinum sem verður.

Fyrstu verðtilboð benda til að kaup á lömpum yrðu um 5 m.kr og má áætla vinnulið og kostnað við lyftu um 4 m.kr.

### **Hljóðkerfi í stóra salinn og stúkuna úti**

Hljóðkerfið sem er salnum er algerlega úr sér gengið og flestir hátalarar ónýtir, botnar sprungnir og algerlega hljóðlausir. Fyrir 3 árum voru fjórir hátalarar teknir niður og dæmdir ónýtir og hafa ekki farið upp aftur. Það eru því 4/10 sem eru ekki lengur á staðnum en hluti þeirra sem ennþá eru uppi eru algerlega gagnslausir.

Það er því erfitt að koma skilaboðum eða kynningu á leikmönnum til áhorfenda eða skapa stemmingu á leikjum.

Kostnaður gæti numið allt að 10 m.kr fer eftir hvernig kerfi yrði valið, eftir samtal við Exton.

Svipaða sögu er að segja af kerfinu í stúkunninni úti þó svo að ástandið þar sé eitthvað skárri.

Nýtt kerfi í stúkuna út gæti kostað allt að 5 m.kr, sömuleiðis eftir samtal við Exton.

Kerfin yrðu boðin út og vonandi væri hægt að ná hagstæðari verðum.

### **Lyftur**

Tvær lyftur eru að Hlíðarenda, ein á torgi tengibyggingar sem fer frá kjallara og upp á aðra hæð og hin í stigagangi í austurenda og fer frá fyrstu hæð og upp á þriðju hæð í stúku.

Báðar þessar lyftur eru mjög óhentugar þar sem ekki er hægt að setja inn vörubretti og brettalyftu samtímis og er lyftugetan auk þess takmörkuð, svo að til að koma gólfþvottavél milli hæða þarf alltaf að tæma hana af vatni. Lyftan er líka af svokallaðri tjakkalyftugerð sem er í raun pallur inni í kassa þar sem pallurinn hreyfist inni í lokuðum kassa, slíkar lyftur eru á undanhaldi þar sem alltaf er ákveðin hættu ef eitthvað festist inni í kassanum og gæti valdið klemmu.

En auk áður nefndra atriða er lyftan í austuendanum í frekar slæmu ásigkomulagi eftir leka frá þaki lyftuhúsins þar sem vatn komst í mótörinn og hefur hann verið óstöðugur síðan og þarf mikið viðhald /eftirlit og er í raun óþægilegt að þurfa að treysta á hana við að koma þeim sem ekki geta notað stigann upp og niður.

Vegna þessa hefur félagið áhuga á að fá tilboð í stærri lyftu á togið og nota svo núverandi lyftu á torginu í varahluti til að gera eina samsettu í austuendanum í stað þessarar sem er þar nú.

Félagið hefur óskað eftir formlegu tilboði frá Íslandslyftum, sem ætti að berast á næstunni. Kostnaður er áætlaður um 5 m.kr en sú áætlun er mjög varlega áætluð eftir samtöl við sérfræðinga.

## Útilýsing

Nauðsynlegt er fyrir félagið að bæta lýsingu umhverfis húsið of þá sérstaklega við aðkomuna. Núverandi lampar sem eru í steiptum stoðveggjum við aðalvöll og aðkomuna, voru settir upp 2008 er endurbótum/nýbyggingum lauk og eru ekki lengur í lagi. Það dugar ekki að skipta um perur í þeim, það er því nauðsynlegt að gera upp lampana. Vænlegast þykir að taka lampana úr steiptum úrtökum og fara með það þá í pólyhúðun og setja LED innvols í lampana og koma þeim svo aftur fyrir í stoðveggjunum. Þannig nýtast þessir sem eru í dag með lagfæringum, þá þarf ekki finna nýja lampa sem passa í úrtökin eða breyta úrtökunum og framkvæmdin ætti að verða umhverfisvænni með því að nýta það sem fyrir er.

Kostnaður við hvern lampa hefur verið metinn á um 25þ. Það eru þrír veggir með 18 lömpum hver. Stefnan yrði að taka einn vegg eða 18 lampa í ár og sjá hvernig þetta kemur út, ef vel tekst til er hægt að halda áfram með framkvæmdina í áföngum.

Heildarkostnaður í ár er því metinn á 18\*25þ,- eða ca 450þ.

## Endurnýjun tækja í líkamsrækt

Svokallaðir „Slam“ og „Wall“ boltar eru sprungnir og þörf er á nýjum, slíkir boltar endast einungis í takmarkaðan tíma og því þarf að endurnýja boltana á tveggja til fjögura ára fresti.

Skv. tilboði sem er komið yrði kostnaður 150þ.

Ef þörf er á frekari upplýsingum er hægt að nálgast þær hjá undirrituðum, Theódóri Hjalti Valssyni yfirmanni mannvirkja Knattspyrnufélagsins Vals, sem hefur haft og mun hafa umsjón með öllum framkvæmdum að Hlíðarenda.

Með kveðju,

Theódór Hjalti Valsson

862-8990 | [teddi@valur.is](mailto:teddi@valur.is)